

Svar

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Nichole Leigh Mosty um fjölda vínveitingaleyfa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg eru vínveitingaleyfi á Íslandi og hve mörg slík leyfi voru gefin út á árunum 2010–2016?

Þegar vísað er til vínveitingaleyfa getur verið átt við veitingastaði og hótél sem hafa leyfi til sölu áfengis, þ.e. veitingahús í flokki II og III og gististaðir í flokki IV og V (samkvæmt eldri lögum) hafa leyfi til sölu áfengra drykkja. Sýslumenn eru leyfisveitendur samkvæmt lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Því var fyrirspurnin send til sýslumannsembætta landsins sem í kjölfarið sendu eftirfarandi upplýsingar til ráðuneytisins:

1. Á Vesturlandi eru í gildi 104 rekstrarleyfi sem heimila vínveitingar af einhverju tagi. Útgefin leyfi á árunum 2015–2016 eru samtals 65. Ekki bárust gögn er varða árin 2010–2014.
2. Á Austurlandi eru í gildi 66 rekstrarleyfi sem heimila vínveitingar af einhverju tagi. Útgefin leyfi á árunum 2010–2016 eru samtals 128.
3. Í Vestmannaeyjum er í gildi 21 rekstrarleyfi sem heimila vínveitingar af einhverju tagi. Útgefin leyfi á árunum 2010–2016 eru samtals 46.
4. Á Norðurlandi vestra eru í gildi 56 rekstrarleyfi sem heimila vínveitingar af einhverju tagi. Útgefin leyfi á árunum 2010–2016 eru samtals 111.
5. Á Suðurnesjum eru í gildi 57 rekstrarleyfi sem heimila vínveitingar af einhverju tagi. Útgefin leyfi á árunum 2010–2016 eru samtals 99.
6. Á höfuðborgarsvæðinu eru í gildi 433 rekstrarleyfi sem heimila vínveitingar af einhverju tagi. Útgefin leyfi á árunum 2012–2016 eru samtals 426. Engin gögn er varða árin 2010–2011.
7. Á Suðurlandi eru í gildi 185 rekstrarleyfi sem heimila vínveitingar af einhverju tagi. Útgefin leyfi á árunum 2010–2016 eru samtals 273.
8. Á Vestfjörðum eru í gildi 64 rekstrarleyfi sem heimila vínveitingar af einhverju tagi. Útgefin leyfi á árunum 2010–2016 eru samtals 125.
9. Á Norðurlandi eystra eru í gildi 168 rekstrarleyfi sem heimila vínveitingar af einhverju tagi. Engin gögn bárust vegna útgefina leyfa á milli ára.

Samtals eru því í gildi 1.154 rekstrarleyfi¹ sem heimila vínveitingar af einhverju tagi á landsvisu. Útgefin leyfi,² samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur undir höndum, á árunum 2010–2016 eru ríflega 1.273 talsins.³

¹ Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum sýslumannsembætta er í sumum tilvikum erfitt að sækja þessar upplýsingar og þar af leiðandi ekki hægt að fullyrða að um nákvæma talningu sé að ræða.

² Á eftirfarandi slóð má finna lista yfir öll útgefin rekstrarleyfi á Íslandi:

www.syslumenn.is/thjonusta/utgefin-leyfi/veitinga-og-gististadir/.

Þessar upplýsingar eru keyrðar upp úr leyfisveitingakerfinu „Starfanda“. Hægt er að takmarka eftir gisti-stöðum/veitingastöðum og innbyrðis flokkun þeirra.

³ Samkvæmt þeim gögnum sem ráðuneytið fékk afhent. Ekki bárust gögn er varða þetta atriði frá öllum sýslumannsembættum.